




Suðurhólar  
Lágreist og aðlögunarhæf byggð

30/05/2025

BUA



# Suðurhólar

Suðurhólar í Hólahverfi er hluti af hverfisskipulagi Breiðholts. Lóðin er á íbúðarsvæði ÍB42. Lóðarstærð er 12.000m<sup>2</sup> og á 1/3 hluti lóðarinna að vera grænt svæði. Suðurhólar er vel tengt við verslun og þjónustu og almennings-samgöngur. Einnig eru fleiri skólar í nágrenninu ásamt íþróttaaðstöðu og menningartengdri þjónustu.

Markmið þessarar tilögu er að:

- Taka tillit til skala, staðaranda og sérkenna núverandi byggðar
- Íbúðargerðir hafa verið valdar til þess að auka félagslega blöndun í Efra Breiðholti
- Að íbúðarbyggð sé aðlögunarhæf og mögulegt sé að byggja við
- Góð birtuskilyrði er í öllum íbúðum skv. Aðalskipulagi 2024.
- Áhersla skal lögð á umhverfisvæn byggingarefni
- Allar íbúðir hafa góð útirými, skjólgóð sérafnotasvæði til suðurs og um 80% á jarðhæð
- Skapa græn almenningssvæði sem eru skjólgóð, sólrík og bjóða upp á samveru, leik. Græn almenningssvæði styrkja núverandi og nýja göngustíga og tengja Suðurhóla við nærumhverfið á jákvæðan hátt
- Áhersla er lögð á að hafa sem mest gegndræp yfirborð og fjölbreyttar blágrænar ofanvatnslausnir eru notaðar
- Bíla- og hjólastæði eru staðsett í öruggum og aðgengilegum rýmum nálægt íbúðum.
- Trjárækt, regnbeð og fleiri gróðurþekjur ýta undir líffræðilegan fjölbreytileika



# Suðurhólar, Efra-Breiðholt - staðarandi í dag

Blokkir, malbik og grasflatir

Svæðið einkennist af fjölbýlishúsum með grænum svæðum í sameign. Grænu svæðin eru yfirleitt grasfletir með blettum af trjágróðri, oft grenitrjám sem eru mjög þétt og dimm. Malbikuð bílastæði eru við fjölbýlishús, oft svipuð að stærð og grænu svæðin. Við Austurberg eru almenningssvæði að mestu leyti malbikuð með trjágróður í jaðri við Vesturberg.



# Suðurhólar, Efra-Breiðholt - staðarandi í dag



0. Svæðið í dag - lítið notaður boltavöllur og græn svæði



1.Bakkar - 3. hæða fjölbýlishús í U formi. Stór grasflötur í miðju svæðis og malbikuð bílastæði allt í kring



2.Krummáhólar - 7 hæða fjölbýlishús sem myndar "vegg" norðan við Suðurhóla. Bílastæði að norðan og stór grasflöt sunnan megin.



3.Suðurfell - 2. hæða fjölbýlishús með litlum einkagörðum vestan megin og bílastæðum utanmeginn.



4.Suðurhólar - 3. hæða fjölbýlishús með bílastæðum norðanmegin og grasflöt sunnanmegin.



5.Hraunberg - Einbýlishús á einni hæð með bílskúra að framan og grasflöt sunnanmegin



6.Austurberg stórskala verslunar og íþróttu/pjónustusvæði



7.Háberg - Grænt svæði með grasflöt og grenitrjám

# Greining á staðháttum

## Göngu og hjólategningar

Göngustígur liggur meðfram lóðarmörkum norðanmegin og myndar tengingu fyrir fótgangandi milli austers og vestur að verslunarkjarna og annarri þjónustu á svæðinu. Frá þessari gönguleið liggur stígur í gegnum lóðina frá norðri til suðurs og myndar mikilvæga tengingu fyrir gangandi frá íbúðarbyggð að leikskólum og skólum suðaustan við Suðurhóla. Þessar tengingar eru naupsynlegar íbúum innan og í kringum Suðurhóla og eitt af meginmarkmiðum þessarar tillögu er að strykja þær og betrumbæta.

## Bílategningar

Suðurhólar er aðal aðkoma bíla á svæðið og tengir Suðurhóla við restina af Efra Breiðholti og Reykjavík. Strætó stopp eru á Suðurhólum vestan og austan megin, við Hólaborg og Þrastarhóla.

## Græn svæði

Mestur trjágróður er norðanmegin og austanmegin á lóð. Þar eru einnig núverandi göngustígur á lóðinni. Á lóðinni er boltavöllur og grasflót. Skilyrði fyrir tillöguna er að græn svæði skulu þekja að minnsta kosti  $4000\text{m}^2$  af lóðinni sem er um  $12000\text{m}^2$ .



# Svæðið í dag



# Lykiltölur

Skipulagssvæði	1,2 ha
Suðurhólar lóð 1A :	
Stærð:	3345m <sup>2</sup>
Byggingarmagn:	4723m <sup>2</sup>
Suðurhólar lóð 1B	
Stærð:	715m <sup>2</sup>
Byggingarmagn:	984m <sup>2</sup>
Suðurhólar lóð 1C	
Stærð:	1035m <sup>2</sup>
Byggingarmagn:	1418m <sup>2</sup>
Suðurhólar Lóð 1 samtals	
Lóðarstærð:	5095m <sup>2</sup>
Byggingarmagn:	7125m <sup>2</sup>
Nýtingarhlutfall:	
1,4	
Suðurhólar (Borgarland)	
Stærð innan skipulagssvæðis:	6940m <sup>2</sup>
Byggingarmagn:	0
Nýtingarhlutfall:	0
Íbúðir alls	42 stk.
Meðalstærð íbúða(1)	120 m <sup>2</sup>
Meðalstærð íbúða(2)	148 m <sup>2</sup>
Leikvöllur	2 stk.
Bílastæði	53 stk.
Hjólastæði	96 stk.




# Afstöðumynd


Með deiliskipulagsbreytingu sem hér er sett fram verða 3 lóðarskikar afmarkaðir sem mynda saman eina lóð og er hér skilgreind sem 1A-B-C og borgarland sem er skilgreint sem 2. Byggð er á 2-3 hæðum. Á lóð 1B og C verða íbúðir á jarðhæð með íbúð á tveimur hæðum fyrir ofan. Við Suðurhóla, lóð 1A, verða tvær raðir af raðhúsum á 2-3 hæðum með bílakjallara undir og á milli þeirra. Á öllu skipulagssvæðinu verður heimilt að byggja 42 íbúðir á lóð 1. Miðað er við að íbúðir séu fjölbreyttar að gerð og stærð en megináhersla verður lögð á stærri íbúðir með eigin inngang fyrir fjölskyldur.

Á milli raðhúsanna verður inngarður í sameign fyrir íbúa ásamt leikvelli í sameign sem snýr að vistgötu á borgarlandi.

Á lóð 2, borgarlandi, verða græn svæði með leikvelli, göngustígum og grænum svæðum með blágrænum ofanvatnslausnum. Tillagan felur í lágreista og aðlögunarhæfa byggð í grænu umhverfi með lífræðilegri fjölbreytni þar sem áhersla er lögð á vistvænar samgöngur í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Sjá skýringarmyndir á bls. 8 og 9.



# Afstöðumynd





# Suðurhólar 3D

Gert er ráð fyrir að íbúðarbyggð á skipulagssvæðinu á Suðurhólum sé aðlögunarhæf. Með því er átt við að hægt verði að byggja við raðhúsin sem eru sitt hvoru megin við bílakjallarann. Viðbyggingar skulu vera samkvæmt ábendingum deiliskipulags. Íbúar hafa því möguleika á að bæta við einni hæð eins og sýnt er á skýringarmynd bls. 18-23. Viðbyggingar geta verið byggðar í síðari áföngum og samkvæmt leiðbeinandi forhönnun. Þetta er gert til þess að íbúar geti bætt við plássi að aðlagað búðir fyrir breyttar þarfir yfir lengri tíma án þess að það leiði til þess að byggðin verði sundurleit og óskipulögð. Skýrar reglur fyrir útlit viðbygginga verða settar, allt sett upp og teiknað til þess að svæðið breyti ekki um karakter, og að últitið sé snyrtilegt og skipulagt





# Íbúðargerðir fyrri áfangi

3 Rooms Units : X10	
C	Typology C: 80m <sup>2</sup> 1 storey 3 Rooms x10
A	Typology A: 92m <sup>2</sup> 2 storey 4 Rooms x8
4 Rooms Units : X20	
B	Typology B: 106m <sup>2</sup> 2 storey 4 Rooms x6
H	Typology H: 104m <sup>2</sup> 2 storey 4 Rooms x6
5 Rooms Units : X12	
E	Typology E: 120m <sup>2</sup> 2 storey 5 Rooms x2
F	Typology F: 145m <sup>2</sup> 3 storey 5 Rooms x2
G	Typology G: 133m <sup>2</sup> 2 storey 5 Rooms x2
I	Typology I : 136m <sup>2</sup> 2 Storey 5 Rooms x4
J	Typology J : 159m <sup>2</sup> 3 Storey 5 Rooms x2




# Íbúðargerðir seinni áfangi (viðbyggingar)


3 Rooms Units : X10	
C	Typology C: 80m <sup>2</sup>
x 10	1 storey 3 Rooms
4 Rooms Units : X6	
H	Typology H: 104m <sup>2</sup>
x 6	2 storey 4 Rooms
5 Rooms Units : X26	
F	Typology F: 145m <sup>2</sup>
x 10	3 storey 5 Rooms
I	Typology I : 136m <sup>2</sup>
x 4	2 Storey 5 Rooms
J	Typology J : 159m <sup>2</sup>
x 8	3 Storey 5 Rooms
K	Typology K : 203m <sup>2</sup>
x 2	3 Storey 5 Rooms
L	Typology L : 212m <sup>2</sup>
x 2	3 Storey 5 Rooms




# Viðbygging raðhúsa í áföngum



Fyrsti byggingaráfangi raðhús




Annar byggingaráfangi (þakið fjarlægt)




Hækjun raðhúss tilbúin

# Byggingaráfangar




# Fyrsti áfangi



Fyrsti áfangi - 3D

# Annar áfangi



Annar áfangi 3D


# Arkitektúr – Hughrif




# Arkitektúr – 3D




# Skipulag lóðar – Stefna



Akstursleið 15km hámarkshraði, einstefna í gegnum íbúðarbyggð




Bílastæði 45 í bílakjallara, 4 gesta stæði og 4 aðgengileg stæði




Hjólaleiðir og stæði (96)


# Skipulag lóðar – Stefna



Vistgata með göngustígum og bílastæðum




Græn svæði aðgengileg fyrir almenning á borgarlandi og í sameign




Garðar í séreign


# Skipulag lóðar – Stefna



Bílfrítt svæði




Gönguleiðir



Staðsetning úrgangsgeymsla


# Snið AA/skali




Snið AA




# Snið BB/skali




# Snið CC/skali




Snið CC





# Snið DD/skali



# Snið EE/skali



# Snið FF/skali



Núverandi snið


Suðurhólar 35

Gönguleið

Völlur

Gönguleið

Snið FF




Nýtt snið í gegnum vistgötu

Trjárækt


Vistgata með lágreistri byggð í bakgrunni

Gönguleið í gegnum trjárækt

# Snið GG/skali



Snið GG



Núverandi snið í gegnum gönguleið norðanmegin á lóð




Nýtt snið í gegnum gönguleið norðanmegin á lóð – Trjárækt í forgrunni og lágreist byggð í bakgrunni

# Landslag - Stefna

Núverandi landslag einkennist af berum opnum og einhæfum rýmum sem bjóða upp á lítið skjól. Það eru nokkrar trjáþyrpingar, stærstu þyrpingarnar eru sígrænar og mjög þéttar/myrkar.

Í stærra samhengi hverfisins í Breiðholtinu virðast almenningsrýmin sundurleit, jafnvel aðskilin frá þjónustusvæðunum. Það þarf áætlun sem getur endurskipulagt þetta og búið til heildstæðara kerfi samtengdra og samfelldra rýma. Hugmyndin um opið og græn svæði í tillögunni stefnir að því að vera hluti af þessari stærri landslagsáætlun sem á eftir að hanna.

Tillagan bætir við nýjum almennum opnum rýmum í nýja hverfinu meðfram helstu stígunum (norðursuður og austur-vestur). Þau eru aðlaðandi og þægilegri og auka rýmisgæði og veita skjól fyrir vind.





# Blágrænar ofanvatnslausrir

- 1. Ný trjárækt-ungskógar
  - 2. Garður í séreign
  - 3. Leiksvæði
  - 4. Græn svæði á borgarlandi
  - 5. Inngarður í sameign
- Skipulagssvæði mörk
- Löðamörk



# Blágrænar ofanvatnslausrnir

- 1. Ný trjárækt-ungskógar
- 2. Regnbeð
- 3. Votlendi
- 4. Gegndræpir garðar í séreign
- 5. Blátt þak
- 6. Gegndræpir göngustígar/bílastæði
- 7. Regnvatsntankar í séreign
- 8. Ofanvatnstankar á borgarlandi
- 9. Safnþró ofanjarðar
- 10. Arkitektóniskt yfirflæði
- 11. Uppsöfnun af snjó 25m<sup>2</sup>
- Halli á vegi
- Halli á þaki
- Skipulagssvæði mörk
- Lóðamörk



# Suðurhólar - Landslag

Í nýju hönnuninni á Suðurhólum býður gróðurbyggingin og fyrirhugaðar plöntutegundir upp á mikil þægindi fyrir garða í séreign við nýju heimilin, garðana, leikvellina og stígana. Þau verja þessi svæði fyrir vind og draga úr innsýn frá byggingum og stígum í kring.

Plöntumassinn býður einnig upp á notalegt og breytilegt útsýni allt árið um kring innan úr húsunum. Þetta útsýni minnir á það að búa í inni í stórum garði.


Mikil áhersla í hönnuninni hefur verið lögð í að þróa jaðarsvæðin. Jaðarsvæði eru t.d mörk á milli garða í séreign og grænna svæða í sameign og á milli þeirra og borgarlands. Þessi skil á milli mismunandi svæða bjóða upp á tækifæri. Það má t.d með minniháttar hæðarmismun skapa staði fyrir fólk til þess að sitja, með plöntum í jaðri má búa til skjól eða tefja og geyma regnvatn og með ýmiss konar landslags einkennum er hægt að ýta undir leik og öðrum athöfnum.




# Landslag - Jaðarsvæði




Jaðar íbúðarbyggðar við Suðurhóla




Jaðar náttúruleikvallar við gönguleið norðan svæðis





Regnbeð við íbúðarbyggð á vistgötu



Jaðarsvæði íbúðarbyggðar við vistgötu norðanmegin



Skjólmyndun með gróðri og hæðarmismun



Suðurhólar

# Landslag - Hughrif



Garðar í séreign í beinu framhaldi af inngarði í sameign



Arkitektónískt yfirflæði



Gegndræp fjölbreytt almenningsvæði



Tríjrækt/ ungskógur



Garðar í séreign í beinu framhaldi af inngarði í sameign



Votlendi fyrir blágrænar ofanvatnslausnir og líffræðilegan fjölbreytileika




Gegndrædt yfirborð á bílastæðum á vistgötu




Regnbeð

# Snið/uppdráttur 1:200




Snið AA

1. Blátt þak - uppbygging af þaki heldur vatni
2. Regnvatsntankar í séreign
3. Safnþró




# Snið/uppdráttur 1:200













Snið BB










1. Regnvatsntankar í séreign
2. þakrenna
3. Blátt þak - uppbygging af þaki heldur vatni
4. Ljósop yfir bílageymslu



# Skuggavarp

Tími dags	Vetur 21/1	Jafndægur 21/3	Sumarsólstöður 21/6
07:00			
10:00			
13:00			
16:00			
19:00			
22:00			


Núverandi

Tími dags	Vetur 21/1	Jafndægur 21/3	Sumarsólstöður 21/6
07:00			
10:00			
13:00			
16:00			
19:00			
22:00			

Tillaga


# Afstöðumynd - bílastæðalausnir

Meginaðkoma að svæðinu er frá nýrri innkeyrslu frá Suðurhólum á suð-austurhluta svæðis, sjá skýringarmynd. Akfær vegur með einstefnu verður í gegnum svæðið frá innkeyrslunni. Vegurinn er aðallega fyrir gesti, flutninga-, sér- og neyðarbíla, sjá skýringarmynd. Aðkoma slökkviliðs og annara sérbíla skal ávallt tryggð. Göngustígur verða meðfram veg. Á megingögustígum í gegnum svæðið verða minni háttar breytingar frá núverandi ástandi en þeir verða áfram meðfram vesturmörkum svæðis. Göngustígur meðfram norðurmörkum svæðis verður óbreyttur. Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir bílastæðum fyrir 42 íbúðir. Hámark 45 bílastæði verða í bílakjallara. 4 stæði verða fyrir hreyfihamlaða og 4 fyrir gesti. Þessi stæði verða staðsett meðfram vistgötu, sjá skýringarmynd.




# Fyrsta hæð við Suðurhóla

12 raðhús með inngang frá Suðurhólum og bílakjallari  
með hjóla og vagnageymslum





# Önnur hæð

Ofan á bílageymslu er önnur hæð raðhúsanna 12 sem hafa inngang á fyrstu hæð frá Suðurhólum. Á þaki bílageymslu er inngarður í sameign og fyrsta hæð 10 raðhúsa sem hafa inngang frá nýrri vistgötu. Norðan við vistgötu eru inngangar að 10 íbúðum á einni hæð.





# þriðja hæð

Hér sést á skýringarmynd önnur hæð raðhúsa sunnan við vistgötu og inngangur íbúða á tveim hæðum norðan vistgötu. Þessar hafa inngang í gegnum útísvæði í séreign. Hér sést einnig þriðja hæð raðhúsanna við Suðuhóla.




# Fjórða hæð

Fjórða hæð er skilgreind miðað við fyrstu hæð við Suðurhóla. Á skýringarmynd má sjá efri hæð íbúðanna norðan vistgötu og þriðjuhæð raðhúsanna sunnan vistgötu.




# Úrgangslausrnir og aðgengi

Úrgangsgeymslur eru sex talsins og eru staðsettar á milli íbúða innbyggðar í byggingar eins og sést á skýringarmynd. Á skýringarmynd sést einnig hámarks fjarlægð sem íbúar svæðisins þurfa að ganga til þess að nálgast geymslurnar. Forhönnun úrgangslausna er leiðbeinandi.



# Hirða úrgangs og aðgengi

Á skýringarmynd má sjá yfirlit yfir úrgangshirðu,  
akstursleið úrgangsbíla og hvar þeir stoppa við losun.  
Forhönnun úrgangslausna er leiðbeinandi.



# BUA

